

L ö g

Nr. 17.

2.
nóvbr.

um sjóváttrygging.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Fyrsti kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Váttryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og velta á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska.

Einkanlega má váttryggja: Skip, farmgjald, skipsútbúnað, farm, væntanlegan verslunararð og umboðslaun af vörum, sjólánskröfur, sjótjónsframlög og aðrar kröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt fyrir þeirri áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

2. gr.

Váttryggja má fyrir sína hönd og annara, svo og þótt hvorugt sje tiltekið (svo sem »fyrir hönd þess, sem í hlut á« eða því um líkt).

Nú tekur maður váttryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal váttryggingartaki þá geta þess berum orðum, að hann hafi ekki umboð til. Nú vanrækir hann þetta, og er váttryggingin þá ógild, jafnvel þótt sá, sem váttryggja átti fyrir (váttrygður), samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

3. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að fá váttryggingartaka skriflega viðurkenningu fyrir váttryggingunni (váttryggingarskírteini), ef hann æskir þess.

4. gr.

Hverja hagsmuni má váttryggja svo hátt, sem sannvirði þeirra nemur (váttryggingarverð).

5. gr.

Nú váttryggir maður í sviksamlegum tilgangi eitthvað til meiri skaðabóta en váttryggingarverð þess nemur, og er sá váttryggingarsamningur þá ógildur, eða þeir samningar allir, ef fleiri en einn sjerstakur samningur var gerður um váttrygginguna.

6. gr.

Ef maður váttryggir eitthvað fram yfir váttryggingarverð, en eftir bestu vitund, þá er sú váttrygging lögmæt, en þó ekki fram úr váttryggingarverðinu.

Nú váttryggir maður hjá fleirum en einum hið sama, sem lagt er í sömu hættu, og eru allar váttryggingarnar teknar sama dag, þá ábyrgist hver ábyrgðarsali svo mikinn hluta af váttryggingarverði hins váttrygða, sem váttryggingarfjárhæð hans er mikill hluti af öllum hinum teknu váttryggingarfjárhæðum samantöldum. Nú voru váttryggingarnar

Nr. 17. ekki teknar sama dag, og heldur þá hin yngri váttrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem váttryggingarverð hins váttrygðs er meira en hin eldri váttrygging nam. Þó heldur hin yngri váttrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar þau rjettindi, sem hin eldri váttrygging veitir, eru framseld ábyrgðarsala jafnframt því að yngri váttryggingarsamningurinn er gerður.

2. Þegar svo er tiltekið í hinum nýja samningi, að tilkall verði að eins gert eftir honum að svo miklu leyti sem váttrygður fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldra váttryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ógildur eða ábyrgðarsali er ekki borgunarfær.

3. Þegar eldri váttryggingin var tekin fyrir hönd váttrygðs án skipunar hans, en hann tók sjálfur eða ljet taka yngri váttrygginguna, án þess að hann vissi þá af hinni eldri eða hann hefir afsalað sjer henni.

7. gr.

Nú ónýtist váttrygging að nokkru eða öllu af því að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða sakir oftryggingar eða tvítryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt, þá er hann tókst á hendur váttrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á váttrygður kröfu til endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 37. gr.

8. gr.

Ef váttryggingarfjárhæðin er minni en váttryggingarverðið, greiðir ábyrgðarsali að eins svo mikinn hluta af skaðanum, sem váttryggingarfjárhæðin er mikill hluti af váttryggingarverði þess, sem váttrygt var.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um ákveðið verð á váttrygðum hagsmunum (verðsett váttryggingarskírteini), og skal þá það verðmat haldast, þó á ábyrgðarsali rjett á að það verð sje lækkað, ef það sannast, að það sje hærra en sanngjarnt var að telja það, þegar metið var verðmætið.

10. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem váttrygður á rjett á skaðabótum fyrir af þriðja manni, og eignast þá ábyrgðarsali þann rjett váttrygðs.

Nú váttryggir maður skuldakröfu sína, sem trygð er með einhverjum hagsmunum, sem eru í áhættu á sjó, og þeir hagsmunir rýrna eða glatast, þá fær ábyrgðarsali rjett hans á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fje, sem hann greiddi í skaðabætur.

Váttrygður á rjett á að heimta skaða sinn bættan af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rjett sinn á hendur þeim, sem skyldur var til að greiða skaðabætur, nje á hendur skuldunaut, sbr. þó 21. gr.

11. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali orðið gjaldprotta eða komið hefir fram við fjárnám, að hann átti ekki fyrir skuldum eða hann hefir stöðvað greiðslur sínar, og er váttrygðum þá heimilt að rifta váttryggingarsamningnum og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji tryggingu, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú ber þetta að eftir að hinir váttrygðu hagsmunir hafa verið lagðir í hættu, þá hefir ábyrgðarsali rjett til að halda eftir af iðgjaldinu að tiltölu við þá áhættu, sem um er liðin.

Um skyldur váttrygðs.

12. gr.

Nú er samningur gerður um váttrygging, og er þá váttrygðum skylt að skýra nákvæmlega og rjett frá öllum atvikum, sem honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði, sem ábyrgðartakan er háð; skyldu váttrygðs um þetta skal einnig sá gæta, sem váttrygging tekur fyrir hans hönd, svo og hver annar milligöngumaður, sem aðstoðar við samningsgerðina.

13. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 12. gr. segir fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgerðina, og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væru þau kunn, og er honum þá ekki skylt að halda samninginn, en iðgjaldið á hann engu að síður, sbr. þó 37. gr.

Nú hefir váttrygður, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullgerður, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ógilda samninginn. Nú var váttrygging tekin án skipunar og vitundar váttrygðs, og er hún þá ekki ógild þótt ábyrgðarsala sje ekki sagt til atvika, sem að vísu voru kunn váttrygðum, en ekki þeim, er um váttrygging samdi.

14. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 12. gr., og er þá samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldinu, sbr. þó 37. gr., þó sagt hafi verið til eftir bestu vitund, nema ábyrgðarsali hafi vitað um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var gerður.

15. gr.

Nú var vanrækt að segja til, eða sagt rangt til, um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna váttrygðu fjármuna, og helst þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali myndi ekki hafa tekist á hendur váttrygging á þeim hluta einum, með sömu skilyrðum, sem hann tókst váttrygginguna á hendur á öllum fjármununum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

16. gr.

Þegar váttrygður veit, að tjón, sem ábyrgðarsali á að bæta, hefir orðið á hinum váttrygðu hagsmunum, skal hann skýra honum frá tjóninu og beiðast fyrirskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu hagsmunum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur að aðhafast í þessu það, sem þörf krefur. Nú vanrækir váttrygður þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá það tjón, er af hlýtst.

17. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem váttrygður á rjett á að annar maður bæti honum, og skal váttrygður þá um þann rjett gera þær ráðstafanir, sem þörf

Nr. 17.
^{2.}
 nóvbr. er á eftir atvikum, þangað til ábyrgðarsali getur sjálfur sjeð þar fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir váttrygður þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álita má, að ábyrgðarsali bíði af vanrækslu hans.

18. gr.

Váttrygður er skyldur að greiða iðgjaldið gegn afhendingu váttryggingarskírteinis, jafnskjótt sem samningurinn er fullgerður, nema annað sje til skilið.

Þriðji kafli.

Um skyldur ábyrgðarsala.

19. gr.

Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir trygðu hagsmunir eru lagðir í á váttryggingartímanum, og váttrygður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sjerstaklega undanskilinn. Ekki leysir það ábyrgðarsala undan ábyrgð, þótt skipstjóri sje valdur að tjóninu eða skipverjar.

20. gr.

Í þessum greinum ábyrgist ábyrgðarsali ekki skaðann:

1. Þegar skip og farmgjald er váttrygt fyrir hönd útgerðarmanns, og tjónið hlýtt af því að skipið var ekki sjófært, þá er það ljet út í ferðina, eða það var ekki nægilega vel búið eða mannað, eða hafði ekki nægileg skipsskjöl, eða það var óhæfilega hlaðið, eða skaðinn verður af því, að gengið er að hinum trygðu fjármunum til bóta á tjóni, sem yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra baka öðrum mönnum. Þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.

2. Þegar skip er váttrygt og skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu, eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi, þegar skipið fór af stað.

3. Þegar váttrygður er farmur, farmgjald eða verslunarhagnaður á farmi, og skaðanum valda gallar á umbúðum vörunnar, eða sá eiginleiki hennar sjálfrar, sem 147. gr. siglingalaganna 22. nóvbr. 1913 getur um. Þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dregist óvanalega lengi vegna óhappa, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að skaðinn hafi ekki verið drættinum að kenna.

4. Þegar váttrygður er farmur eða verslunarhagnaður á farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi, sem ekki skal endurgreiða, þó óhapp beri að, og tjón á þessu, sem nú var talið, er farmsendara eða viðtakanda að kenna sem slíku.

21. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sjótjóns hefir verið gerður á lögmatum stað og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sjótjónsframlag það, sem kemur á hina váttrygðu hagsmuni, og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sjótjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á þeim, en sannanlegt er, að ekki hefir verið náð hjá þeim, sem skaðabótaskyldir voru. Ábyrgðarsali er jafnskyldur til þessa fyrir því, þótt hið váttrygða sje metið í niðurjöfnuninni fram yfir váttryggingarverð.

Nú hefir sjótjóni ekki verið jafnað niður, og það er ekki váttrygðum að kenna, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem váttryggingarsamningurinn tiltekur.

22. gr.

Nr. 17.
2.
nóvbr.

Nú hefir fullnaðarreikningur sjóttjóns verið gerður á lögsmætum stað og af þeim, sem opinbert umboð hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki borið það fyrir sig við váttrygðan, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sjóttjónsreikninginn, váttrygðum til tjóns, og gagnstætt lögum á þeim stað, þar sem sjóttjóninu var jafnað niður, nema váttrygður hafi sjálfur verið sök í því, að ekki var nægilega sjeð fyrir hagsmunum hans. Þó er váttrygður skyldur til að framselja ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þannig var ívilnað.

23. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir bestu vitund til að forðast háska, sem hann trygði það í, og kostnað þann, sem af því hlautst, svo og það sem varið var til bjargar og verndar váttrygðum hagsmunum og til að forða meira tjóni, eftir að slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sjóttjóns, svo og kostnað við að ákveða eigin ábyrgð ábyrgðarsala, þegar svo ber undir, sem hjer var sagt.

24. gr.

Nú ber fleiri en eitt sjóttjón að á þeim tíma, sem váttrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bæturnar allar samantaldar verði meiri en váttryggingarfrjárhæðin var. Enn fremur skal bæta fullum bótum þann kostnað, sem 23. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr váttryggingarfrjárhæðinni.

25. gr.

Ef breytt er ferð þeirri, sem tilgreind var, þegar váttryggingarsamningurinn var gerður, og sú breyting verður áður en ábyrgðarsali á neitt á hættu, þá er ábyrgðarsali úr allri ábyrgð, ef skip og farmgjald hefir verið váttrygt fyrir hönd útgerðarmanns.

Nú er skip eða farmgjald váttrygt fyrir hönd annars manns en útgerðarmanns, eða aðrir hagsmunir en skip og farmgjald, og heldur þá váttryggingin gildi sínu, enda sé ferðinni breytt án samþykkis váttrygðs.

Nú eru váttrygðir hagsmunir lagðir í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hefst á öðru skipi en tilgreint var við váttryggingartökuna, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

26. gr.

Nú er breytt til um ferð, eða sú áhætta, sem tekin var váttrygging fyrir, eykst eða breytist á annan hátt eftir að áhætta ábyrgðarasla hófst, og er honum þá ekki skylt að bæta það tjón, sem ber að eftir að breytt var til um ferðina, nema breytingin hafi verið gerð án samþykkis váttrygðs eða í nauðsyn, til þess að forðast áhættu, sem ábyrgðarsali trygði hið váttrygða í, eða til að bjarga lífi manna.

F j ó r ð i k a f l i.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

27. gr.

Váttrygður á rjett á bótum fyrir algert tjón:

1. Þegar váttrygt skip eða gós ferst með öllu, eða er gert upptækt eða skemmist svo, að það má telja ónýtt til þess, sem það var ætlað til.

- Nr. 17.
2. Þegar váttrygt er farmgjald og þess missir með öllu.
2.
nóvbr. 3. Þegar verslunararður er váttrygður eða umboðslaun, og varan kemst ekki þangað, sem hún átti að fara.
4. Þegar váttrygðar eru sjótjónsbætur eða sjólánsfje, og veðið, sem fyrir var, ferst með öllu eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fjenu.

28. gr.

Þá er algert tjón verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu váttryggingarfjárhæðina; þó skal dregið frá henni það, sem sparast af kostnaði þeim, sem váttryggingin nær til; svo á ábyrgðarsali og rjett á að taka til sín allt það, sem bjargað kann að verða. Nú voru munirnir aðeins váttrygðir að nokkrum hluta verðmætis þeirra, og skal þá það, sem dregið er frá váttryggingarfjárhæðinni, talið eftir rjetttri tiltölu milli váttryggingarfjárhæðarinnar og als váttryggingarverðsins, og fær ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut í því, sem bjargað var.

Nú skemmist váttrygt skip og það er dæmt óbætandi með lögmætri skoðunargjörð, og á váttrygður þá rjett á að fá bætur, sem algert tjón væri, enda selji hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

29. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo lengi, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurdist til skipsins, til ákvörðunarstaðar þess, þó ekki skemri tíma en 3 mánuði, og ber þá að telja skipið týnt, og á þá váttrygður rjett á að krefjast bóta fyrir algert tjón, enda afsali hann sjer í hendur ábyrgðarsala rjetti sínum á hinu váttrygða.

30. gr.

Ef lagt er farbann (embargo) á skip eða gós, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfufun yfirvalda, eða sjóræningjar taka það, eða skipverjar skilja við váttrygt skip, þá getur váttrygður, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala rjett sinn á hinu váttrygða, krafist bóta, sem fyrir algert tjón, ef skipið eða gósið hefir ekki verið látið laust, eða hann hefir ekki fengið umráð yfir því:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asíshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður en 9 mánuðir eru liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfum hjernamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða í Suður-Ameríku, og

áður en 12 mánuðir eru liðnir, ef það varð í þeim höfum, sem eru hinumegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er váttrygður sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

31. gr.

Nú vill váttrygður láta hið váttrygða af hendi, og svo er háttað, sem segir í síðari málsgrein 28. gr., og skal hann þá skýra ábyrgðarsala frá fyrirætlan sinni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 29. og 30. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því frestur sá er á enda, sem þær greinar tiltaka, eftir hinum sjerstöku atvikum í hvert sinn.

32. gr.

Nú er frestur sá á enda, sem segir í 31. gr., og váttrygður heflr ekki neytt rjettar síns til að láta hið váttrygða af hendi, og týnir hann þá þeim rjetti, þegar svo er háttað sem segir í síðari málsgrein 28. gr. og 30. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 29. gr., getur váttrygður krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfresturinn er liðinn, en komi hið váttrygða síðar fram, skal hann endurgreiða váttryggingarfjeð, ef ábyrgðarsali krefst þess, með $\frac{1}{2}$ af hundraði í mánaðarvöxtu, en afsala skal ábyrgðarsali sjer þá hinu váttrygða og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á því og ábyrgðin náði til.

33. gr.

Afsal á trygðum munum skal vera skilyrðislaust og óríftandi, og ná til allra hinna váttrygðu fjármuna eða þess hluta þeirra, sem hafður var í hættu á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fjármunir eru að eins trygðir að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, er váttrygður að eins skyldur að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, sem váttryggingarfjárhæðin er að tiltölu við váttryggingarverðið.

34. gr.

Þá er ábyrgðarsali greiðir bætur, getur hann krafist þess, að váttrygður afsali honum skriflega öllum þeim rjettindum, sem hann á að fá ábyrgðarsala í hendur, svo og afhendi honum öll þau skjöl, sem fylgja eiga hinu afsalaða og eru í vörslum váttrygðs.

35. gr.

Hver sú krafa, sem styðst við váttryggingarsamning, týnir gildi sínu, ef henni er ekki fylgt með lögsókn áður 4 ár eru liðin frá því, er hún varð til.

F i m t i k a f l i.

Um endurgreiðslu iðgjalds (risterno).

36. gr.

Ef váttrygðir hagsmunir eru eigi lagðir í neina þá hættu, er ábyrgðarsali skyldi tryggja hið váttrygða í, getur váttrygður krafist, að váttryggingin falli niður og iðgjaldið sje endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rjett á þóknun og skal hún vera $\frac{1}{4}$ af hundraði af váttryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en $\frac{1}{2}$ af hundraði.

37. gr.

Nú ónýtist váttrygging að nokkru leyti eða öllu, vegna þess að tryggingarhagsmunir voru engir eða minni en ætlað var, eða vegna oftryggingar eða tvítryggingar, eða vegna þess að rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en váttryggingartaki fór eftir bestu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar váttryggingunni, og eins var ástatt með váttrygðan, er hann veitti umboðið til váttryggingarinnar, ef váttrygging var tekin fyrir hönd annars manns, og má þá krefjast endurgreiðslu á

Nr. 17. iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin váttrygðu
2.
nóvbr. verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 18.
2.
nóvbr.

L ö g

um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er strandað skip hefir legið á strandstaðnum eitt ár, frá því er strandið varð og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögnum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað, það er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr., sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögnum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar